

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi 1. áfanga Naustahverfis á Akureyri.

Bæjarstjórn Akureyrar hefur þann 16. nóvember 2004 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga samþykkt tillögu að breytingum á deiliskipulagi Naustahverfis I. Um er að ræða breytta húsgerð við Skálatún, breytt lóðamörk leikskólalóðar við Hólmatún, breytta legu stígs út úr Mýrartúni og breytta innbyrðis skiptingu lóða nr. 2-18 við Stekkjartún í húslóðir og sameiginlegar aðkomulóðir.

Ofangreindar deiliskipulagsbreytingar hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þær þegar gildi.

Akureyri, 25. janúar 2005.

F.h. Akureyrarbæjar,

Bjarni Reykjalin, skipulags- og byggingarfulltrúi.

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Sveitarfélaginu Árborg.

Deiliskipulag Dalbæjarlands á Stokkseyri.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997, með síðari breytingum hefur bæjarráð Sveitarfélagsins Árborgar samþykkt þann 20. janúar 2005 tillögu að deiliskipulagi fyrir húsdýragarð á Dalbæjarlandi á Stokkseyri í Sveitarfélaginu Árborg.

Tillagan var sett fram í mkv. 1:1000/1:5000 þann 20. júlí 2004 og auglýst í samræmi við 25. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997, með síðari breytingum, frá 15. september til og með 13. október 2004 með athugasemdafresti til og með 27. október 2004.

Uppdráttur og greinargerð fyrir tillögunu hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Deiliskipulagið tekur þegar gildi.

Selfossi, 25. janúar 2005.

Grétar Zóphaníasson, fulltrúi á skipulags- og byggingardeild.

AUGLÝSING

um breytingu á greinargerð aðalskipulags Búðahrepps 2002-2022.

Samkvæmt 2. mgr. 21. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. janúar 2005 staðfest breytingu á aðalskipulagi Búðahrepps 2002-2022, frá 4. júlí 2003.

Texti greinargerðar með aðalskipulaginu breytist vegna 1. áfanga að stækkun íbúðarbyggðar upp af íþróttavelli, þannig að þar verður gert ráð fyrir byggingu sérbýlis- og fjölbýlishúsa á einni til þremur hæðum.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki sveitarstjórnar Austurbyggðar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Umhverfisstofnun, 24. janúar 2005.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingibjörg Halldórsdóttir.

REGLUGERÐ

um varðveislu og nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði.

Tilgangur og markmið.

1. gr.

Í þessari reglugerð er kveðið á um verkefni erfðanefndar landbúnaðarins og um nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja varðveislu og sjálfbæra nýtingu erfðaauðlinda í landbúnaði samkvæmt ákvæðum 16. gr. búnaðarlaga nr. 70/1998 og 5. gr. laga um innflutning dýra nr. 54/1990.

Reglugerð þessi er sett með skírskotun til samnings Sameinuðu þjóðanna um líffræðilega fjölbreytni. Samkvæmt ákvæðum samningsins skuldbinda þjóðir heimsins sig til að vernda og viðhalda erfðaauðlindum, bæði í villtum og ræktuðum tegundum. Litið er á líffræðilega fjölbreytni sem sameiginlega auðlind alls mannkyns. Jafnframt er lögð áhersla á umráðarétt þjóða yfir eigin erfðaauðlindum og þar með ábyrgð á verndun þeirra.

Gildissvið.

2. gr.

Reglugerðin tekur til varðveislu og nýtingar erfðaauðlinda sem eru eða gætu verið verðmætar í íslenskum landbúnaði eða geta haft menningarlegt gildi. Enn fremur eru settar verk-lagsreglur er erfðanefnd skal viðhafa við umsögn um innflutning skv. 5. gr. laga nr. 54/1990 um innflutning dýra.

Skilgreiningar.

3. gr.

Búffjarkyn: Ýmist er átt við sérstakan hóp búffjár með ákveðin og skilgreinanleg ytri ein-kenni, sem með sjónmati er hægt að greina frá öðrum skilgreindum hópum sömu tegundar, eða staðbundinn hóp sem hefur fengið viðurkenningu á sérstöðu sinni.

Erfðaauðlind í landbúnaði: Verðmæti sem felast í erfðaeiginleikum lífvera og þeirri fjöl-breytni í ásýnd og eiginleikum sem þeir skapa. Hugtakið á við um lífverur sem eru ræktaðar og/eða nýttar í landbúnaði.

Sjálfbær nýting: Nýting sem fullnægir þörfum nútíðar án þess að spillt sé fyrir komandi kynslóðum.